

Fundarstjóri, góðir málþingsgestir og- vår ärade gäst, Anne Halvorsen !

Fyrir hönd stjórnar **Ís-Forsa** er mér ánægja að bjóða ykkur hjartanlega velkomin á þetta 7. málþing samtakanna.

Ís-Forsa er ungt að árum en félagatalið er í vexti og við stefnum að því að standa jafnfætis norrænu Forsa- félögunum áður en langt um líður. Hin árlegu málþing eru liður í því að efla kynningu rannsókna og fræðilega umræðu á sviði félagsþjónustu. Í þeim anda var í fyrsta sinn í fyrra efnt til veggspjaldakynninga á rannsóknaverkefnum. Framboðið var mikið og féll í góðan jarðveg. Þetta er því endurtekið nú með viðbótar kynningum og við hvetjum ykkur til að nota kaffihléð bæði til að skoða og spjalla um verkefnin.

Margar leiðir eru til að þróa rannsóknaviðhorf og rannsóknavirkni og langar mig að staldra örlítið við það. Ásamt með samtökum eins og Ís-Forsa, vil ég nefna hér þrjá farvegi, sem ég tel skipta miklu til að stuðla að félagslegri úrræðaþróun og stefnumótun sem er á rökum reist.

Fyrst vil ég nefna rannsóknasetrin á sviði velferðarmála sem spröttið hafa fram hvert af öðru á skömmum tíma. Þau eru miðstöð og farvegur fyrir fræðastarf og þróunarverkefni ásamt fyrir miðlun vísindapekkingar. Nefna má *Rannsóknasetur í barna- og fjölskylduvernd, RBF* við Félagaráðgjafardeild Háskóla Íslands, sem var komið á laggirnar skömmu eftir stofnun Ís-Forsa, en var formlega opnað 2006. Önnur rannsóknasetursetur og stofnanir við HÍ, sem snerta málefni barna og fjölskyldna eru á sviði fötlunarfræða, vinnumála, siðfræði og jafnréttis. Þá bættist við *BÆR* rannsóknasetur á menntavísindasviði í barna- og æskulýðsrannsóknum, og nú liggur fyrir tillaga um *Rannsóknasetur Ármanns Snævarr í fjölskyldufræðum* við lagadeild HÍ.

Þjóðmálastofnun, rannsóknastofnun vinnu, velferðar og þjóðfélags var komið á laggirnar m.a. í tengslum við umfangsmikið norrænt fimm ára rannsóknarverkefni REASSESS (Reassing the Nordic Welfare Model, www.reassess.no). Stofnunin er hluti af nýju norrænu öndvegissetri í velferðarrannsóknum (NCoE-Nordic center of Excellence in Welfare Research).

Annar farvegur er tímarit fagstétta en þau eru ekki aðeins farvegur vísindamiðlunar heldur vísbending um fræðilega stöðu og eflingu fagsins. Þannig er það ekki tilviljun að *Læknablaðið* er elst íslenskra fagtímarita, stofnað 1915. *Tímarit sálfræðinga* hefur verið til frá 1995 og er nú í mikilli þróun, en þar hafa birtingar fræðigreina uppúr meistaraverkefnum átt sinn gilda þátt. Fyrsta fræðilega *Tímarit félagsráðgjafa* hóf göngu sína fyrir 3 árum og leysti þá af hólmi *Málpípuna*, eins konar fréttablað um málefni fagfélagsins á léttum nótum, en fræðirit lúta, eins og kunnugt er, annars konar lögmaðlum ef tilgangurinn á að helga meðalið. Á Norðurlöndum hafa um áratugaskeið verið gefin út bæði fagblöð og fræðileg tímarit. Fyrsta samnorræna fræðilega tímaritið *Nordisk Socialt Arbeid*, stofnað 1981, nær brátt þrítugsaldri og keppir við tímarit norrænu Forsa-félaganna, enn þar er nú einmitt á döfinni stofnun sameiginlegs Forsa-tímarits gefið út á ensku *Nordic Social Work Research*. Ís-Forsa er aðili að undirbúningnum og verður spennandi að sjá það verða að veruleika.

Þriðji farvegurinn er vaxandi framrás staðreyndrar þekkingar og rannsókna sem undirstöðu faglegrar þjónustu, en efni Ís-Forsa-málþingsins í fyrra var einmitt *Þekking, stefnumótun, þjónusta- órofa heild*. Í því sambandi má geta um nokkuð einstakt verkefni í þessum anda sem hópur Íslendinga hefur unnið að ásamt fimm öðrum þjóðum nú um tveggja ára skeið. Þetta er NORFACE-átaksverkefnið um EBPP (Evidens Based Practice and Policy). Það hefur markmiðið að breiða út skilning og þekkingu á gildi þessarar þrístrengingar,

vísindapekking, stefnumótun, þjónusta á sviði velferðar, og stuðla þannig að markvissri samvinnu stjórnvalda, stefnumótenda og fagfólks, almennt jafnt sem í einstökum málaflokkum. Hér frammi er að finna veggspjald um verkefnið og má geta þess að nú á lokasprettinum er unnið að greinaklasa sem mun birtast á næstunni í tímaritinu *Evidens & Policy*.

Þannig þekkingarveita eða áttak er oft nauðsynlegt til að breyta viðhorfum og færa rök fyrir rými, fjárveitingu og markvissari gæðabót á ákveðnu þjónustusviði. Dæmi um slíkt langtímaáttak er verkefnið *barnavernd* á Íslandi, sem nú er hafið við Félagssráðgjafardeild HÍ. Það hefur meginmarkmiðið að bæta ímynd eða félagslegan sess barnaverndar um leið og færni og bætt úrræðaþróun auki viðurkenningu, virðingu og trausts bæði almennings og annars fagfólks á þeim starfsháttum og starfsaðferðum sem beitt er í barnavernd. Áttakinu var hleypt af stökkunum með myndarlegum styrk frá *Barnaverndarstofu*. Hér verður því ekki lýst nánar en í áttakinu felst meðal annars (1) námstilboð í barnavernd sem sérfræðisviði, (2) faghandleiðsla og (3) fræðsla um mælitæki eru í boði, (4) reglulegar málstofur RBF þessa misseris beinast að barnavernd undir yfirskriftinni *Erfiðleikar foreldra-aðstæður barna*, (5) rannsóknir sem snerta löggjöf sem tekur til hagsmuna barna tengjast áttakinu og (6) þróunarverkefni um innflytjendabörn á Íslandi er á döfinni. Þannig snertir áttakið eflingu fagfólks, þekkingarsköpun, þekkingarmiðlun, forvarnir og fræðslu, m.a. sem snerta áhættu- og jaðarhópa, löggjöf og aðferðaþróun í barnavernd.

Tema málþings okkar í dag er einmitt *þekking og færni í barnavernd*. Af öllum þeim vandasömu viðfangsefnum sem heyra til friðar fagfólks í félags- og heilbrigðisþjónustu er líklega ekkert sem krefst vísindapekkingar, skilnings og færni í jafn miklum mæli og barnavernd. Í sama anda og málþingið í fyrra *Þekking, stefnumótun, þjónusta-órofa heild* er áhersla okkar í dag á

sambættingu vísindastarfs og þjónustu á vettvangi með samstilltu fjölkerfasamstarfi. Í báðum tilvikum vísar áherslan líka til hins fullþroska fagmanns sem starfar í krafti þess sem ég hef kallað þríeykið, heili, hönd og hjarta.

Enn, eins og dæmin sanna, fyrr og síð í barnaverndarstarfi þarf þar meiri þekkingu, meiri heildarsýn, meiri ábyrgðarkennd, meiri tilfinningu, næmi og samhygð, en umfram allt meiri aðferðakunnáttu og faglegan sem persónulegan þroska, en á nokkru öðru sviði mannglegrar velferðar. Áskorunin felst í því að tryggja að enginn einn þáttur sé veikari en annar, því halli á þótt ekki sé nema einn þáttur í þeirri keðju, er voðinn vís. Voðinn er þá fyrst og fremst vís fyrir þau börn og foreldra sem í hlut eiga, en voðinn er líka vís fyrir þann faghóp sem fer fyrir ábyrgð á málsmeðferð og úrræðum í barnavernd. Sú ögrun sem snýr að fagfólki í dag er að ganga einarðlega fram með kröfu um sérfræðiþekkingu, tíma, laun og rými til að rækta þessa þætti og endurnýja stöðugt krafta sína til að reynsla þeirra og hæfni beri ávöxt í þágu barna og foreldra í vanda.

Úttekt á vist-og meðferðarheimilum fyrir börn á vegum barnaverndar á liðinni öld sem greint er frá í fyrstu áfangaskýrslunni, svo kallaðrar *Breiðavíkurskýrslu* 2008, afhjúpar alvarlega bresti í eftirliti stjórnvalda, skráningu, aðbúnaði barnanna og hæfni starfsfólks. Í dag höfum við hins vegar allar forsendur til að koma í veg fyrir að voði af slíku tagi geti átt sér stað. Reynsla, ný þekking, breytt viðhorf og vaxandi rannsóknarstarf ásamt skilningi stefnumótenda á gildi sambætts mats, þróunarstarfs og daglegrar gæðþjónustu vekur von um bættu barnavernd.

Hér með segi ég málþingið sett, óska okkur frjórra samræðna og bið fundarstjóra, Kristján Sturluson, að taka við.